



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2017

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál nr. 207.

Þingsályktunartillaga um vernd og orkunýtingu landsvæða er nú lögð fram samhljóða lokatillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar. Er ályktunin óbreytt frá þeirri sem lögð var fram á haustþingi 2016, mál nr. 853.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins eru ósammála þeirri niðurstöðu verkefnisstjórnar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun) að byggja ákvörðun um vernd og nýtingu einungis á niðurstöðu tveggja faghópa af fjórum.

Samtökin hafa alla tíð stutt þau markmið sem sett eru fram í lögum nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun. Með þessari lagasetningu var mati á mögulegri nýtingu virkjunarkosta á Íslands komið í skipulagt horf og átti að byggjast á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati. Þetta er jákvætt skref en samtökin gera athugasemdir við framkvæmdina. Í þingsályktunartillögunni kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Í áætluninni skal í samræmi við markmið laga nr. 48/2011 lagt mat á verndar – og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.“

Þannig grundvallast lögin á stoðum sjálfbærrar þróunar þ.e. umhverfi, samfélagi og efnahag. Verkefnisstjórn var samkvæmt 9.gr. laganna í sjálfsvald sett hvað hún skipaði marga faghópa til þess að fjalla um þessi þrjú megin viðfangsefni. Eftirfarandi fjórir faghópar voru skipaðir:

- Faghópur 1, náttúru- og menningarminjar, skipaður 16. apríl 2014
- Faghópur 2, auðlindanýting önnur en orkunýting, skipaður 16. apríl 2014
- Faghópur 3, samfélagsleg áhrif virkjana, skipaður 9. júlí 2015
- Faghópur 4, efnahagsleg áhrif virkjana, 12. október 2015

Það er mjög stór ákvörðun að skipa virkjunarkostum í flokka sem m.a. felst í vernd álitlegra kosta, heilla vatnasviða og landsvæða. Þar með er sleppt tækifærum til verðmætasköpunar, atvinnutækifæra, byggðapróunar og gjaldeyrisöflunar á grundvelli vistvænnar orkuframleiðslu. Lögin gera ráð fyrir að slíkar ákvarðanir séu teknar á grundvelli allra þeirra þriggja þátta sem eru undirstöður sjálfbærrar þróunar, sem eru umhverfi og náttúra, samfélag og efnahagur. Þær tillögur sem fyrir liggja, byggja sem fyrr segir nær eingöngu á þröngri nálgun sem er mat á neikvæðum áhrifum á umhverfi, náttúru og ferðamennsku.

Að mati samtakanna er það mikill veikleiki á þingsályktuninni og vinnu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar að röðun virkjunarkosta taki ekki mið af vinnu faghópa 3 og 4. Samtökin vilja leggja áherslu á að tæplega fjórðungur útflutningstekna þjóðarinnar byggir á nýtingu og framleiðslu raforku, sem er veigamikil uppspretta verðmætasköpunar og atvinnu víða um land. Samtökin leggja áherslu á að eins fljótt og kostur er verði lögboðinni vinnu faghópa 3 og 4 komið inn í matið. Á meðan svo er ekki, er skynsamlegt að bíða með röðun virkjunarkosta og náttúrusvæða í verndarflokk rammaáætlunar. Nýta ætti biðflokk betur á meðan umfjöllun um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif hefur ekki farið fram.

Til marks um það hversu mikilvægt það er að ljúka þessari vinnu er áhugavert að horfa á það mat sem til er á virkjanakostum sem eru undir í rammaáætlun. Í nýlegri skýrslu Orkustofnunnar sem unnin var fyrir Atvinnuvegaráðuneytið er fjallað um hagkvæmni virkjanakosta. *Levelized Cost of Electricity* (LCOE) aðferðin er gjarnan notuð hér til þess að áætla kostnaðarverð raforkuvinnslu yfir líftíma virkjunar mældan í verði á orkueiningu USD/MWh. Aðferðin er þekkt og er mikið notuð við að flokka og bera saman virkjunarkosti sem byggja á mismunandi orkuvinnsluáðferðum. Greiningin er unnin úr gögnum frá virkjanafyrirtækjum sem lögðu efnið fyrir verkefnisstjórn Rammaáætlunar en einnig er stuðst við gögn frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Eftirfarandi mynd lýsir þessum kostnaði annars vegar fyrir virkjanakosti sem eru í nýtingarflokki og hins vegar í nýtingar- og biðflokki. Til að gera langa sögu stutta eru margir afar hagkvæmir virkjanakostir í biðflokki en að sama skapi fáir í nýtingarflokki sem mun að óbreyttu leiða til þess að virkjanir verði óhagkvæmari og raforkuverð hærra en ella.



Heimild: [Kortlagning á eftirspurn innlendra aðila eftir raforku næstu árin og mat á afgangorku í íslenska raforkukerfinu. Orkustofnun 2016.](#)

Að lokum gera samtökin athugasemdir við vægi neikvæðra áhrifa á ferðamennsku í því mati sem fyrir liggur. Mörg orkuver eru fjölsóttir ferðamannastaðir og nægir að nefna Bláa Lónið í því samhengi ásamt gestastofum virkjana um allt land. Orkufyrirtæki hafa lagt sig fram við að fella orkumannvirki



vel að náttúrunni. Athuganir sýna að ferðamenn hafa jákvætt viðhorf til vistvænnar orku og orkuvinnslu og þessir tveir mikilvægu málaflokkar geta vel farið saman.

Samtökin minna jafnframt á að það er einstakt á heimsvísu hve mikill hluti af orkuvinnslu og orkunotkun á Íslandi er vistvænn og endurnýjanlegur. Nýting íslenskra orkukosta er því mikilsvert framlag í viðleitni þjóða að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Pétur Reimarsson
Forstöðumaður samkeppnishæfni